Eftirrit

Hr. sefnuörður þórður Tomasson,
Skóum.

þakka „Gódastein", hnýsilegt rit, og enkum forvitnar mig allt sem ekki fer að venjulegum leiðum. Ef kraftaverka og dulmagnasögur Ritningarinnar eru sannar, býr þá ekki þessi hefileiki með flestum (blundar), sem ónýttur mögulíki? —
Ekki hef ég trú á að Árnesingar geti haldið gangandi riti sem þessu — —
En það sem ég vildi þér, er hvort þú getur gefið mér upplysingar um Runólf Runólfsson sem þjónaði frikirkjusöfnuði Gaulverjabæjarsóknar 1908-'14, eða þar um. Kom „vestan um haf" og hvarf aftur til barna sinna. Runólfur var ættaður úr Handeyjum, meðalmaður á ~~hæð~~ vöxt, grannholda, allmikið yfirskegg, stéfhært. Valgerður hét kona hans, en ókunnugt er mér hvers dóttir hún var.
Ég var í fyrsta árganginum, sem Runólfur fermdi, 1910.
Ekki var hann vígður, eða lærður til prests, að ég ætla, en hefur líklega starfað sem leikprédikari vestra. Flóðmælskur, og kirkjusókn ágæt, en sennilega vanhaldinn í launum og átt að einhverju að hverfa hjá börnum sínum vestra.

Holti, 21. maí 1977
Sigurgr. Jónsson